



Myndasýrpa
á bls. 15

Heims- og Ólympíumeistarinn Daniel Ståhl. Mynd: Frjálsíþróttasamband Íslands.

Flottur árangur á Selfossvelli

Það náðist frábær árangur á Selfoss Classic – 75 ára afmælisvelli FRÍ á Selfossvelli á laugardag. Guðni Valur Guðnason (ÍR) náði sínum ársbesta árangri í kringlukasti og nálgast lágmörk á stórmót sumarsins. Hann kastaði lengst 64,87 metra

og var þriðji á eftir heims- og Ólympíumeistarinum Daniel Ståhl og silfurverðlaunahafanum á Ólympíuleikunum, Simon Pettersson. Lágmarkið inn á EM sem fer fram í München í ágúst er 65,20 metrar og lágmarkið á HM í Oregon er 66,00 metrar.

Hilmar Örn Jónsson (FH) er einnig að stefna á stóru mótið í sumar og kastaði vel um helgina. Hann kastaði lengst 74,95 og er lágmarkið á EM í sleggjukasti 77,00 metrar og á HM 77,50 metrar.



Römpum upp Ísland byrjar í Hveragerði

Fyrsti rampurinn í áttakinu Römpum upp Ísland var vígður við hátíðlega athöfn við Matkrána í Hveragerði í síðustu viku. Er þetta fyrsti rampurinn af 1.000 sem stefnt er að því að koma upp víðs vegar um land á næstu fjórum árum. Ramparnir eru ætlaðir til að veita hreyfihömluðum auknið aðgengi að verslun og þjónustu. Það var Hvergerðingurinn Kristján Birgisson sem vígði rampinn.

„Það er mér, fyrir hönd Hvergerðinga, mikið gleðiefni að fyrsti rampurinn í áttakinu Römpum upp Ísland skuli vera settur upp hér í Hveragerði. Hér er um einstakt átak að ræða sem sýnir djúpan skilning á þeim aðstæðum sem hreyfihamlaðir búa við. Það er afar mikilvægt að við í sameiningu reynum að útrýma öllum þeim hindrunum sem komið geta í veg fyrir að þeir sem bundnir eru við hjóla stól geti notið aðgangs að sömu stöðum og þeir sem búa ekki við skerta getu hvað þetta varðar,“ sagði Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

Í fyrra voru settir upp 100 rampar í miðborg Reykjavíkur í gegnum verkefnið Römpum upp Reykjavík. Gekk verkefnið vonum framur en smíði á römp-

unum lauk þremur mánuðum á undan áætlun og undir kostnaðaráætlun.

„Þetta er auðvitað aðáunavert í alla staði. Við sáum það að mikill áhugi var fyrir römpunum í Reykjavík og því ekki óeðlilegt að það smiti út frá sér til annarra sveitarfélaga. Ég á ekki von á öðru en að vel verði tekið í verkefnið um allt land og ég hlakka til þess að veita því brautargengi í framtíðinni,“ sagði Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra.

Hægt er að kynna sér verkefnið á vefsíðunni rampur.is.

Römpum upp Ísland er verkefni sem miðaði að því að setja upp 1.000 rampa á næstu 4 árum. Stofnaður var sjóður með aðkomu fjölmargra fyrirtækja og aðila sem munu standa straum af kostnaði fyrir þá verslunar- og veitingahúsaeygendur sem taka þátt í verkefninu. Með römpunum er öllum gert kleift að sækja veitingastaði og verslanir þátttakenda á landinu öllu. Unnið verður í góðu samstarfi við eigendur viðkomandi bygginga og skipulagsyfirlvalda. Haraldur Þorleifsson, stjórnandi hjá Twitter og stofnandi hönnunarfyrirtækisins Ueno, er hvatamaður verkefnisins.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Komdu í kaffi og kíktu á sólpallinn!



Bókakaffið AUSTURVEGI 22, SELFOSSI





FJARNÁM

Opið fyrir skráningu í fjarnám á sumarönn 2022
Skráning á www.fa.is/fjarnam



RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT
LJÓSMYNDIR • RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944
SELFOSO@PRENTMETODDI.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.



Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla](https://www.facebook.com/keyrsla)

Menning á miðvikudögum í Skálholti alla miðvikudaga í sumar kl. 17:00

Bóðið verður upp á menningardagskrána „Menning á miðvikudegi“ í Skálholti alla miðvikudaga í sumar kl. 17:00.

Dagskráin samanstendur af fræðslugöngum, tónleikum, fræðsluerindum og ýmsum viðburðum tengdum sögu og tónlist í Skálholti. Fyrsti viðburðurinn er Ragnheiðarganga sem Friðrik Erlingsson leiðir um Skálholt þann 1. júní nk.

Allir viðburðir hefjast í eða við Skálholtsdómkirkju kl. 17:00 alla miðvikudaga í sumar.

JÚNÍMÁNUÐUR

1. júní 2022 kl. 17:00 – Ragnheiðarganga. Friðrik Erlingsson leiðir göngu um slóðir Ragnheiðar Brynjólfssdóttur í Skálholti.

8. júní 2022 kl. 17:00 – Óskalgögin við orgelið. Jón Bjarnason býður gestum að velja sitt ósklag.

15. júní 2022 kl. 17:00 – Fræðsluganga um jurtagarðinn í Skálholti með Ingólfi Guðnasyni garðyrkjufraðingi.

22. júní 2022 kl. 17:00 – Óskalgögin við orgelið. Jón Bjarnason býður gestum að velja sitt ósklag.

29. júní 2022 kl. 17:00 – Opin vinnustofa með Sumartónleikum í Skálholti. Komdu og kynntu þér dagskrá Sumartónleika í Skálholti.

JÚLÍMÁNUÐUR

6. júlí 2022 kl. 17:00 – Hljóðganga fyrir börn og fjölskyldur. Gangan endar með tónsmíðakennslu. Komdu og kynntu þér dagskrá Sumartónleika í Skálholti.

13. júlí 2022 kl. 17:00 – Fræðsluganga um Skálholt. Bjarni Harðarson fræðir gesti sína um sögu Skálholts á sinn einstaka hátt.

20. júlí 2022 kl. 17:00 – Tónleikar Den voxne kammerkor. Kórinn kemur frá Danmörku og býður upp á tónleika í Skálholtskirkju.

27. júlí 2022 kl. 17:00 – Fræðsluganga um jurtagarðinn í Skálholti með Ingólfi Guðnasyni garðyrkjufraðingi.

ÁGÚSTMÁNUÐUR

3. ágúst 2022 kl. 17:00 – Ragnheiðarganga. Friðrik Erlingsson leiðir göngu um slóðir Ragnheiðar Brynjólfssdóttur í Skálholti.

10. ágúst 2022 kl. 17:00 – Fræðsluganga um Skálholt. Bjarni Harðarson fræðir gesti sína um sögu Skálholts á sinn einstaka hátt.

17. ágúst 2022 kl. 17:00 – Óskalgögin við orgelið. Jón Bjarnason býður gestum að velja sitt ósklag.

24. ágúst 2022 kl. 17:00 – Ragnheiðarganga. Friðrik Erlingsson leiðir göngu um slóðir Ragnheiðar Brynjólfssdóttur í Skálholti.

31. ágúst 2022 kl. 17:00 – Dauðra manna sögur – Bjarni Harðarson leiðir gesti um dauðra manna slóðir.

Aðgangur ókeypis – verið öll velkomin.



Þekkingarfyrirtæki í byggingariðnaði

PG Verk óskar eftir að ráða starfsmenn við verkefni fyrirtækisins á Selfossi.

Við leitum að:

- Smíðum
- Almennum verkamönnum
- Verkamönnum með vinnuvélaréttindi / lyftaþróf

Tekið er á móti umsóknum á vefsíðunni okkar: <https://tgverk.is/starfsumsokn>

Einnig er hægt að hafa beint samband við Nökkva í síma 824-8449.

www.tgverk.is





blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

**Mörg þúsund vörur á tilboði
um land allt**

Miðvikudag og fimmtudag

HÚSASMIÐJU DAGURINN

20-30% afsláttur

Allar vörur í Blómavali **25%** • Sumarblóm, garðplöntur, trjáplöntur **25%** • Pottaplöntur **25%**
 Blómapottar **25%** • Pottaplöntur **25%** • Pallaolía og viðarvörn **30%** • Útimálning **30%**
 LADY málning **30%** • Gasgrill, (Nexgrill og Outback) **20%** • Garðhúsgögn **20%**
 Garðverkfæri og klippur (Wolf Garten) **20%** • Sláttuvélar **20%** • Claber slönguhjól **20%**
 Rafmagns- og garðverkfæri (Black+Decker) **20%** • Hekklippur (Black+Decker) **20%**
 Háprýstidælur (Nilfisk) **20%** • Tröppur og stigar **20%** • Verkfæri (Worx) **20%** • Reiðhjól **20%**
 Rafmagnshjól **20%** • Búsáhöld **25%** • Pottar, pönnur, diskar og glös **25%**
 Parket og flísar **25%** • Inni og útiljós (Gildir ekki af Hue) **20%** • Vaskar, handlaugar og salerni **30%**
 Blöndunartæki, eldhús og bað (GROHE og Damixa) **30%** • Uppblásnir rafmagnspottar **20%**
 ... og margt fleira



**Einnig
í vefverslun**
husa.is

**TVÖFALDUR
Í ÁR!**

Húsasmiðjudagurinn
miðvikudag og
fimmtudag

Nýmóðins fríríki í Þorlákshöfn

Grunnskólinn í Þorlákshöfn breyttist í fríríkið Þorpið dagana 23.-25. maí. Þorpið er samfélag þar sem börn og ungmennti sjá um alla verðmætaframléiðslu, stjórna hagkerfinu og láta hjól atvinnulífsins snúast áfram. Þorpið á sinn eigin gjaldmiðil sem heitir Þollari.

Í Þorpinu kenndi ýmissa grasa. Hægt var að njóta leikhúsupplifunar, kaupa skartgrip, listaverk, plöntur, fara í leiktækjasal og nytjamarkað, spila

þrautir, gæða sér á gómsætum veitingum á kaffihúsinu eða kaupa bakkelsi úr bakaríinu til að taka með sér heim.

Gestir og gangandi voru velkomnir og gátu keypt 2000 Þollara fyrir 1000 kr. Allur ágóði Þorpsins rann svo til Úkraínu í gegnum starf Rauða krossins.

Bláðamenn Þorparans reyndu eftir fremsta megni að fanga stemninguna og má sjá afrakstur þeirra hér:



Sunnlenski matgæðingurinn



Vil ég þakka hertoganum af stóru Sandvík kærlega fyrir tilnefninguna, það er aldrei lognmolla í kringum þann mann Klassískur kvöldmat hjá okkur er einföld tómatsúpa með pastaskrúfum eða makkarónum.

Súpa

1 laukur
3 hvítlauksrif
3 matskeiðar olífuolía
2 matskeiðar tómatur
2 dl vatn
1 súputeningur, kjúklinga
2 dósir niðursoðnir tómatar (hakkaðir)

Aðferð.

Byrja á því að fínsaxa lauk og hvítlaukinn, sett í pottinn. Látið svitna aðeins, því næst er tómaturréinu bætt við og það látið malla í ...c.a. ½ -1 mín. Vatnið og súputeningur sett ofaní þar til suða er kominn. Tómtum bætt við og öllu er blandað saman með töfrasprota. Þetta er allt látið sjóða saman í amk. 5 mín. Vinnsælt er að hafa með soðið egg og soðnar makkarónur (eða annað pasta). Til að lyfta svo súpunni upp á hærra plan er mjög gott að setja rifinn parmesanost og parmaskinku (eða aðra hráskinku) ofaná.

Brauð

Gott er að hafa gott brauð með súpunni, ég mæli með Foccachia brauði
950gr. hveiti
½ pakki gerpoki (6gr)
1 teskeið salt
7 dl vatn, ca. 25 gráður
1 matskeið hunang

Jurtaolía

Basilika, rósarín, timjan (... eða annað sem
2 hvítlauksrif
½ dl olífuolía

Aðferð

Öllu blandað saman og hnoðað í hrærivél á lágum til miðlungshraða í c.a. 10-12mín.

Deigið er látið í olíuborið ílát og fær að hefast í 40-60 mín. Því næst er deigið sett í formið (ég hef notast við stálform frá Ikea) og látið hefast í aðrar 45 mín. Á meðan deigið er að hefast þá er fínt að búa til jurtaolíuna. Hér er sniðugt að notast við mortel ef það er fyrir hendi annars bara hakka vel saman. Þegar deigið er búið að hefast þá er jurtaolían sett yfir og gerð eru holur með fingrunum hér og þar til að dreifa olíunni. Mjög gott er sáldra salti vel yfir áður en brauðið er sett inn í ofnin. Brauðið er bakað við 225°C í c.a. 25 eða þegar það er tilbúið. Brauðið er látið kólna á rist.

Eftirréttur

Það er ávallt vinsælt að geta boðið uppá kanellhnúta eða kansnúða í eftirmat ...jahh eða jafnvel með kaffinu (í raun hvernær sem er)

950 gr. hveiti
125 gr. sykurl
½ teskeið salt
1 teskeið kardemommur
5 dl mjólk (20-25°C heit)
1 egg
150 gr smjör (mjúkt, í teningum)
½ pakki þurrger

Fylling

125gr. púðursykurl
2 matskeiðar kanell
125 gr. smjör (mjúkt)
þegar vel liggur á mér þá á ég til að tvöfalda fyllinguna, því hey þetta er jú eftirréttur.

Öllu (nema smjörið) er blandað saman og sett í hrærivél og hnoðað í 10-12 mín, byrjað á lágum hraða og unnið sig upp í miðlungs. Því næst er smjörinu bætt við, best er að setja það í smá skömmun þannig að deigið geti tekið á móti því, deigið hnoðað áfram í 5-8 mín. Deigið er því næst látið hefast í 50-60 mín eða þegar það hefur náð að tvöldra sig. Um að gera fyllinguna á meðan deigið er að hefast. Síðan er því skipt í tvennt og rúllað út í 5mm þykkt eða þannig að það myndar c.a. 60x70cm flöt, muna að setja hveiti undir svo það festist ekki við borðplötuna. Eyðileggur soldið upplifuna



Ástmar Karl Steinarsson.
er Matgæðingurinn þessa viku

þegar þetta fer allt að festast, hér tala ég af reynslu.

Hér höfum við tvo möguleika, annars vegar að búa til snúða þ.e. setja alla fyllinguna á (þá er í raun nauðsynlegt að tvöfalda fyllinguna) og rúlla og skera í c.a. 2-3 cm sneiðar og búa til snúða. Svo er það sem ég kalla kanellhnúta (n. kanelsnurrer) sem er aðeins meira maus ... en gefur þessu meira framandi blæ.

Þá er fylling sett á annan helmingin og hinum flétt yfir. Skorið í strimla c.a. 2-3 cm og snúið uppá þá og svo vafið um tvo fingur(gott er að hafa smá bil á milli þeirra), endanum er svo stungið í gegnum miðjun þ.e. bundið hnút.

Hnúturnir/snúðarnir eru svo látnir hefast aftur í c.a 30-60 mín.

Áður en þeir eru settir í ofni pensla ég þá með annað hvort mjólk eða egg (ég þynni það gjarnan með smá vatni) og sáldra perlusykri (sænskur ef hann er til) yfir. Einnig er hægt að setja hnetukurl eða annað kurl, sjálfur hef ég ekki prófað það en það hljómar vel.

Inni ofn við 225°C í 10 mín eða þegar botnin er tilbúinn. Kælt niður og tilbúið til að borða. Ég hef heyrt að það sé vinsælt að setja smá glassúr þegar þeir eru orðnir kaldir, en þeir ná venjulega ekki að kólna hjá okkur.

Að lokum vil ég tilnefna matgæðinginn mág minn sem lætur sér allt Selfoss varða, hann Óli Rúnar Eyjólfsson. Hef heyrt að hann lumi á góðri uppskipt af grafinni gæs... spurningin er hvort hann er tilbúinn að láta hana af hendi eða ekki.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókauktgáfan HÓLAR


Þar var mikil þröng í denn,
þolir högginn mörg í senn.
Á þorablóti etin enn,
oft það gera reiðir menn.

Svar við gátu í blaði 2650: **GRENI**

1. Lína: Tófugreni - 2. Lína: Jólágreni
3. Lína: Mígreni - 4. Lína: Dópgreni



Þú færð okkar besta verð á tm.is



Hugsum í framtíð

TM

HÚS í bæ HÚS í borg HÚS í sveit



Austurvegi 26, 800 Selfoss



Yndislegi eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Runólfur Haraldsson,
Fyrirverandi bóndi á Syðri-Rauðalæk
Síðar til heimilis á Birkivöllum 28, Selfossi

lést á Heilbrigðisstofnun
Suðurlands, laugardaginn 28. maí.

Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju
laugardaginn 4. júní kl. 13

Elsie Jónúsdóttir
Sigríður Runólfsdóttir Valgeir Harðarson
Valgerður Lára Runólfsdóttir
Ólafía Ósk Runólfsdóttir Þórir Bjartmar Harðarson
Barnabörn og barnabarnabörn



Ferðanefnd FEBSEL býður upp á Uppsveitir Árnassýslu þriðjudaginn 14. júní 2022

Lagt af stað frá Grænumörkinn kl. 10:00 og ekið sem leið liggur upp Grímsnesið og að Laugarvatni þar sem við áum stutta stund. Við heimsækjum síðan Sveitasetrið Efsti Dalur og snæðum þar hádegisverð kl. 13:30, höldum síðan áfram ferðinni með Yndislegu hjónunum okkar Margéti og Óskari H. Ólafssyni sem leiða okkur í gegnum sveitina og ljúkum ferðinni á Sólheimum.

Verð pr mann er kr. 9.500,00.

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega fyrstir koma fyrstir fá.

Nefndin bendir á, að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.
Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og í Grænumörk 5

Sirrý s. 863 7133
Helga s. 860 7032
Ingibjörgu s. 864 297

Guðmundur Tyrfinngsson

Kveðja við starfslok bæjarstjóra

Ég vil við starfslok mín sem bæjarstjóri Hveragerðis-bæjar senda öllum Hvergerðingum sem og öðrum sem ég hef unnið með á þessum vettvangi mínar bestu kveðjur og þakklæti fyrir einstakt samstarf og vináttu undanfarin 16 ár.

Það er óhætt að segja að tíminn flýgur og ekki síst þegar unnið er að skemmtilegum verkefnum, með dásamlegu fólki. Það eru liðin 16 ár frá því að ég varð þess heiðurs aðnjótandi að vera ráðin bæjarstjóri Hveragerðisbæjar. Í bæjarfélaginu þar sem ég er alin upp og þar sem ég á mínar rætur og þar sem ég hef valið að búa ásamt minni stóru fjölskyldu.

Hveragerði er um margt einstakur staður, í alfaraleið, stutt frá höfuðborgarsvæðinu, faðmaður af fjallahringnum og með gufustrókana sem einkenni bæjarins.

Umhverfi bæjarins hefur skapað bænum okkar mikla sérstöðu en það hafið þið líka gert, bæjarbúar!

Í Hveragerði býr einstakur hópur fólks sem lætur sér annað hvert um annað, stendur saman þegar á þarf að halda og faðmar jafnframt fjölbreytileika mannlífsins í allri sinni dýrð með fallægum hætti. Af því hef ég ávallt verið stoltust.

Á þessum árum höfum við gengið í gegnum svo ótal margt saman. Efnahagsundrið, bankakreppuna og hrúnið, jarðskjálftann stóra, brunann í Eden, svínaflensuna og heimsfaraldur Covid-19 og svo í lokin féll íþróttahúsið okkar, Hamarshöllin, svo fátt eitt sé talið. Held mér sé óhætt að segja að hér hafi verið mörgu að sinna og mörg verkefni bæði óvænt og stór. En þrátt fyrir allt þetta þá hefur



Mynd: Morgunblaðið/Sigurður Bogi.

í Hveragerði verið afar mikil uppbygging undanfarin ár, svo mikil að eftir er tekið á landsvísi. Hér hafa risið fjölmargar nýjar íbúðir og fjölbreytt fyrirtæki og tækifærin eru á fáum stöðum fleiri en hér. Þeir sem taka nú við stjórnartumum í bæjarfélaginu taka við góðu búi og fjölmörgum verkefnum sem mikilvægt er að sigla í höfn með góðum hætti. Bygging hjúkrunarheimilis, viðbyggingar við grunnskólann, bygging nýs leikskóla og lausn á aðstöðu til íþróttaiðkunar eru helstu stóru verkefni sem framundan eru. Það verður nóg um að vera enda þannig á það að vera í ört vaxandi sveitarfélagi.

Allir vilja bænum sínum hið besta og efast ég ekki um að vel verði haldið utan um verkefni hér eftir sem hingað til. Ég óska nýkjörinni bæjarstjórn alls hins besta og vona og veit að við munum sjá Hveragerði og Hvergerðinga eflast á næstu árum.

Þúsund þakkir fyrir mig, kærur vinir. Þessi ár hafa flogið hraðar en mig hefði órað fyrir. Hjá mér taka nú við ný verkefni á ákaflega fallegum og spenn-

andi stað sem ég hlakka til að takast á við.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim bæjarfulltrúum sem ég hef gott samstarf. Samstarfsfólki mínu á bæjarskrifstofunni þakka ég einstakt samstarf og vináttu sem aldrei hefur borið skugga á. Stjórnendum stofnana og starfsmönnum öllum þakka ég einnig frábært samstarf, dugnað og elju á vandasömum tímum. Það er vandfundinn betri hópur en sá sem starfar og starfað hefur hjá Hveragerðisbæ, það vil ég að þið vitið. Síðast en ekki síst þakka ég Helgu Kristjánsdóttur, skrifstofustjóra og staðgengli bæjarstjóra fyrir allt, án hennar hefðu árin mín 16 sem bæjarstjóri ekki gengið svona vel. Hafðu bestu þakkir fyrir alla aðstoð og vináttu.

Með kærleikskveðju til ykkar allra

Aldís Hafsteinsdóttir
Fyrirverandi bæjarstjóri
Hveragerðisbæjar

Syngjandi kaffikvörn og dansgjörningur í kartöfluskemmu

Viltu koma og heyra hvernig kaffikvörn syngur? Má bjóða þér að óma HAFSJÓR inná hljóðlistaverk eða þrykkja stein á tau? Eða langar þig að sjá hvernig listamenn umbreyta kartöfluskemmu í svið og stíga dans við undarlega tóna?

Ef þetta hljómar áhugavert þá ættir þú endilega að leggja leið þína á Eyrarbakka um helgina en þar stendur nú yfir alþjóðlega listahátíðin Hafsjór – Oceanus.

Á föstudagseftirmiðdag 3. júní kl. 17.00 taka nokkrir listamenn á móti gestum í byggðasafninu í Húsinu. Anil Subba hljóðlistamaður frá Nepal ásamt Im Tae Woong frá Suður Kóreu sýna hvernig þeir draga hljóð úr ólíkum hlutum. Kaffikvörn er orðin hluti af hljóðfærum þeirra. Einnig fá gestir að þrykkja með bleki á tau undir leiðsögn Sung Baeg frá Suður Kóreu og fólki má gjarnan koma með eigin

bol til að þrykkja á ef það óskar þess. Pólverjinn Piotr Zamojski er að vinna að hljóðlistaverki um hafið og óskar eftir aðstoð frá fólki. Hann verður inni í Eggjaskúr að taka upp raddir fólks. Þetta er mjög einfalt; þáttakendur eru beðnir um að segja upphátt: Hafsjór eða H-A-F-S-J-Ó-R. Upptökurnar verða síðan hluti af listaverki hans á sýningu í Húsinu í sumar.

Snemma kvölds, sunnudaginn 5. júní kl. 18.00 verður svo haldinn einstakur dans- og hljóðgjörningur um vindinn og hafið í gömlu kartöflugeymslunni hans Guðmundar á Sandi. Þar munu listamenn frá öllum heimshornum umbreyta gömlu skemmunni í danssvið. Dansinn ásamt tónlist er spunnin úr upplifun listamannanna á einstakri náttúrunni við strendur Suðurlands. Hópurinn sem þar kemur fram er Gio Ju, Jaime Martínez,

Hera Fjord og Maruska Marulyn Ronchi, ásamt hljóðlistamönnum Anil Subba og Im Tae Woong.

Viðburðirnir eru hluti af alþjóðlegu listahátíðinni Hafsjór – Oceanaus. En frá miðjum maí hafa 20 listamenn frá 12 ólíkum löndum dvalið á Eyrarbakka og unnið að list sinni.

Fritt er á báða viðburði og allir velkomnir.



SJÁUMST Á FIMMTUDÖGUM!

Við höfum flutt útgáfudag Dagskrárinnar aftur yfir á fimmtudaga!

Blaðið kemur einnig á fréttavefinn DFS.is á miðvikudögum.

Skilafrestur á auglýsingum og efni miðast við hádegi á þriðjudögum.



Sími 482 1944 // dfs@dfs.is // dfs.is

Við leitum að traustu starfsfólki

Olís Selfossi leitar að fólki í sumarstörf og framtíðarstörf

Hægt er að sækja um fullt starf í 12 tíma vaktavinnu, en einnig hálfar vaktir eða styttri eftir samkomulagi.

Lífsreynsla, aldur og þroski eru eftirsóttir eiginleikar og við hvetjum jafnt ungt fólk sem eldra til að sækja um.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Áfyllingar vöru í verslun og vörumóttaka
- Þrif og annað tilfallandi

Hæfniskröfur:

- Snýrtímennska og reglusemi
- Jákvaðni, dugnaður, þjónustulund og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Umsóknir á olis.is eða hjá verslunarstjóra á staðnum.

Umsóknarfrestur er til 10. júní.



JAFNALAUNAVOTTUN
2019-2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefningar, heiðarleika í samskiptum, snýrtímennsku og fagleg vinnubrögð.

olis

Íþróttir

Árborg varð að heimsborg um helgina!

Ég stókk upp í stúkunni á Selfossvelli og hrópaði í kapp við fjölda áhorfenda þegar við sáum kringluna lenda. Eitt kast sem tekur nokkrar sekúndur, á einu augnabliki lendir kringlan, Ólympíumeistarinn hafði sett vallarmet, bætt met þjálfarans Vésteins, kastað lengra en á Ólympíuleikunum sjálfum!

Sólbökuð andlitin gátu ekki annað en brosað. Hvernig var annað hægt. Við hlið mér sat sjálfur forseti Íslands og fagnaði í kapp við Völu Flosadóttur, Jón Arnar Magnússon og fjölda annarra Ólympíufara. Sigurbjörn Árni Arngrímsson öskraði sig hásan svo heyrðist heim í stofu um allt land, í frábærri útsendingu RÚV.

Þó ég lenti aftur flatur, eins og kringlan, í sætinu gat ég ekki hætt að gleðjast yfir stundinni. Að fá að upplifa þetta! Að upplifa Árborg sem heimsborg íþróttanna þessa stórkostlegu stund í maí.

Við höfum séð stelpur og stráka frá Selfossi ná mögnuðum árangri í íþróttum í gegnum árin, hvort sem það er knattspyrna, handknattleikur, frjálsar eða fleira. Ótal sögur um afrek lifa.

Á bakvið þau afrek, rétt eins og augnablikið á vellinu er svo ótal margt, sem við gleymum stundum að hugsa til eða þakka.

Á bakvið afrekin stór og smá stendur sveitarfélag sem hefur sýnt stuðning í verki, uppbyggingu mannvirkja og innviða sem heimsborgir gætu verið stoltar af.



Á bakvið íþróttastarfið stendur félag sem þennan dag, líkt og undanfarna áratugi, er borið áfram af mögnuðu fólki sem hlífir sér hvergi til þess að tryggja að íþróttafólkið fái að eflast og njóta sín á stóra sviðinu.

Á laugardaginn byggðum við á þessu baklandi. Stundin var síðan römmuð inn, annars vegar af fánaborgum frábærra samstarfsaðila, m.a. úr héraði

og hins vegar fjölda fólks sem flyktist á völinn til fylgjast með Íslands og heimsins fremstu í frjálsum eiga frábært mót!

Takk fyrir okkur og til hamingju þið heimsborgarar með laugardaginn! Selfoss Classic - 75 ára afmælimót FRÍ, var algjör klassík, frá fyrstu stundu! Þökk sé ykkur!

Freyr Ólafsson,
Formaður FRÍ



Jakub Tomczyk, Egill Blöndal, Breki Bernharðsson, Þór Davíðsson
Judo 1:

Þór og Egill Íslandsmeistarar í Judo 2022

Íslandsmót karla og kvenna í Judo fór fram 7. maí í íþróttahúsinu Digranesvegi Kópavogi.

Keppendur frá judodeild UMFS voru að þessu sinni 6 og unnu til fjölda verðlauna.

Þór Davíðsson og Egill Blöndal Ásbjörnsson urðu Íslandsmeistarar í sínum þyngdarflokki en auk þess varð Egill Blöndal í öðru sæti í opnum flokki. Vinningar féllu þannig:

og oft áður mikla athygli fyrir framistöðu sína.

Fyrsta viðureign var við Andres Palma öflugan og skemmtilegan júdómann úr Júdódeild Ármanns. Sigráði Jakub á glæsilegu ippon kasti og síðan Garðar Sigurðsson JR og var þar með kominn í úrslit.

Þar tapaði Jakub fyrir Gísla Egilssyni JG. Árangurinn gaf honum 3. sæti.

Sigurður Hjaltason tók í

Þór Davíðsson í	-100 kg	Íslandsmeistari
Egill Blöndal í	-90 kg	Íslandsmeistari
Egill Blöndal	Opin flokkur	2. sæti
Breki Bernharðsson	-90 kg	2. sæti
Jakub Tomczyk	-81 kg	3. sæti
Sigurður Hjaltason	+100 kg	2. sæti

Þór keppti til úrslita 100kg flokki um Íslandsmeistara titilinn við efnilegan júdómann Matthías Stefánsson úr ÍR, Þór sýndi styrk sinn og stóð uppi sem sigurvegari eftir vel útfærða glímu.

Egill Blöndal varði titil sinn frá 2021 og sigráði sinn flokk með nokkrum yfirburðum, fyrstu glímu við Kristján Vernharðsson Á, næst Skarphéðinn Hjaltason JR og þá Eyjólf Sverrisson JR og engin glíma náði 1 mín. og sú stysta var 20 sek.

Að þessu sinni var baráttan um Íslandsmeistara titilinn við Breka Bernharðsson einnig frá Judodeild UMFS Breki sýndi góð tilprif en varð að játa sig sigráðann um miðja glímu. Breka átti að örð leiti mjög góðan dag og hafði unnið 3 glímur á fullnaðarsigri Ippon, Kristján Vernharðsson, Skarphéðinn Hjaltason og Eyjólf Sverrisson.

Egill keppti einnig í opnum flokki þar sem var mikil þátttaka. Úrslita viðureignin var á milli Egils Blöndal og Zaza Simionisvhili (frá Georgíu). Viðureignin var mjög jöfn og fór í framlenginu þar sem Zaza tókst að knýja fram sigur.

Jakub Tomczyk keppti í 81kg flokki. Vakti Jakub eins

fyrsta sinn þátt í Íslandsmóti og stóð sig með ágætum en andstæðingur hans var nýbakaður Norðurlandameistari í þungavigt Karl Stefánsson Á og því á brattann að sækja. Fór svo að Karl sigráði.

Þá tók Böðvar Arnarsson þátt í 83kg flokki en í hans riðli voru þeir sem tóku fyrsta og annað sæti í flokknum þeir Árni Lund og Gísli Egilsson og því möguleikar Böðvars að komast áfram litlir.

Sú varð raunin og uppskeran rýr í þetta skiptið.



Sigurður Hjaltason.



Mynd: Fótbolti.net/Haflíði Breiðfjörð

Selfoss áfram í bikarnum

Selfoss mætti Aftureldingu sl. laugardag í 16-liða úrslitum Mjólkurbikar kvenna. Það voru gestirnir í Aftureldingu sem tóku forystu á 36. mínútu leiksins og voru yfir í

hálfleik. Í síðari hálf var Selfossliðið mun betra og skoruðu þrjú mörk í frábærri endurkomu. Lokastaða leiksins 3-1 og Selfoss komið áfram í 8-liða úrslit þar sem þær mæta Þór/KA.

Það voru þær Miranda Nild, Brenna Lovera og Embla Dís Gunnarsdóttir sem skoruðu mörk Selfyssinga.

4-0 sigur og rakleitt á toppinn!

Veðrið lék við þá áhorfendur sem gerðu sér ferð á JÁVERK-völlinn til þess að fylgjast með leik Selfoss og Þróttar V. í Lengjudeildinni. Það voru okkar menn sem byrjuðu leikinn betur og það skilaði sér í marki strax eftir stundarfjórðung. Aron Einarsson átti þá sendingu inn fyrir vörn Þróttar þar sem Gonzalo tók á móti boltanum og kláraði færið vel. Krafturinn datt aðeins úr Selfyssingum undir lok fyrri hálfleiks en liðið hélt þó forystunni þegar flautað var til hálfleiks. Gonzalo var aftur á ferðinni eftir rúmlega klukkutíma leik þegar hann setti boltann snyrtilega í netið eftir hreint út sagt unaðslega spilamennsku Sel-

fyssinga, Tokic með stoðsendinguna. Þá var komið að Gonzalo að leggja upp þriðja markið en það gerði hann á 75. mínútu þegar hann átti frábæra sendingu inn á teig Þróttara, þar beið Gary Martin sem kláraði vel. Það var síðan hinn ungi Alexander Clive Vokes sem rak síðasta naglann í kistu Þróttar á 90. mínútu þegar hann skoraði eftir aðeins örfáar mínútur inni á vellinum. Afar vel gert hjá Alexander eftir undirbúning frá Tokic. 4-0 sigur staðreynd og ekki nóg með það, liðið situr nú eitt á toppi Lengjudeildarinnar með 10 stig, taplaust. Gonzalo Zamorano var valinn maður leiksins en hann skoraði tvö mörk og lagði upp eitt.



Alexander Clive Vokes. Mynd: Sunnlenska.is/Guðmundur Karl





prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar

Prentmet Oddi ehf. | Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍPRÓTTAGREINUM
FYRIR 11-18 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ

SELFLOSS
29.-31. JÚLÍ

ALLT UM
MÓTIÐ Á
ULM.IS



AÐALSAFNAÐARFUNDUR ÞORLÁKS- OG HJALLASÓKNAR

Aðalsafnaðarfundur Þorláks- og Hjallasóknar á árinu 2022 verður haldinn í Þorláskirkju miðvikudaginn 15. júní nk. og hefst hann kl. 20:00.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:

1. Setning fundarins
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla sóknarnefndarformanns um liðið starfsár
4. Lagðir fram til afgreiðslu ársreikningar sóknar og kirkjugarða fyrir sl. ár ásamt fjárhagsáætlun þessa árs.
5. Greint frá starfssemi héraðsnefndar og héraðsfundar
6. Kosningar
7. Önnur mál. *Sóknarnefnd Þorláks- og Hjallasóknar*

Eruð þið ánægð ef þið megið spyrja um eitthvað?

Listasafn Árnesinga opnar L nýja sýningu laugardaginn 4. júní kl. 15:00. *Eruð þið ánægð ef þið megið spyrja um eitthvað?* Sýningin er rannsóknarsýning ungersks listfræðings; Zsóka Leposa á samskiptum íslenskra listamanna og ungerskra listamanna á áttunda áratugnum.

Vandað hefur verið til verks og einnig gefin út vegleg sýningarskrá með ritgerðum og endurminningum listamanna.

Starfsmenn safnsins hlakka til að deila með gestum okkar þessum hluta listasögunnar sem hefur mikið til gleymst en samt sem áður er mestur hluti



af því sem við sýnum komið úr geymslum Nýlistasafnsins.

Strengjasveit Sinfóníuhljóm- sveitar Suðurlands leikur fyrir

gesti og breski listamaðurinn Nick White mun einnig bjóða upp á vinnustofur um helgina, og eins og alltaf er ókeypis inn.



KIRKJUBÆJARSKÓLI

Laus kennslustörf við Kirkjubæjarskóla á Síðu 2022-2023

- Umsjónarkennsla
- Handmennt – smíði – textíl
- Stærðfræðikennsla - mið- og unglingastig
- Valgreinar

Umsækjendur skulu hafa leyfisbréf til kennslu í grunnskóla, góð tök á íslensku bæði töluðu máli og skriflegu. Leitað er eftir áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir að vinna eftir einkunnarorðum skólans; kærleikur, bjartsýni og samvinna.

Hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði
- Skipulagshæfni og stundvísi
- Flekklaus starfsferill er áskilinn

Launakjör samkvæmt kjarasamningi KÍ og Sambands Ísl. sveitarfélaga. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 7. júní og skal umsóknum um starf skilað skriflega til skólastjóra með upplýsingum um menntun, réttindi, starfsreynslu og meðmælendum. Nánari upplýsingar veitir Katrín Gunnarsdóttir, skólastjóri í síma 487 4633 – netfang skolestjori@klaustur.is.

Í Kirkjubæjarskóla er áætlað að nemendur verði 44 á næsta skólaári og er samkenntsla þar sem tveimur árgöngum er kennt saman á yngsta- og miðstigi en þremur á unglingastigi. Lagt verður upp með teymiskennslu í 1.-2. bekk næstkomandi vetur og hvatt er til teymisvinnu milli nemendahópa, þvert á stig.

Listasafn Árnesinga fékk veglegan styrk

Listasafn Árnesinga fékk á degi barnsins 29. maí sl. hæsta styrk þessa árs frá Barnamenningarsjóði, 6 milljónir til að halda áfram með að færa safnið og listamenn sem vinna með safninu inn í skólastofur í Árnessýslu.

Kristín Scheving safnstjóri og Alda Rose verkefnastjóri fræðslu tóku á móti styrknum og hér standa þær með Katrínu Jakobsdóttur, Lilju Alfreðsdóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur.



Lilja Alfreðsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Kristín Scheving, Alda Rose og Kolbrún Halldórsdóttir.



Frá undirritun málefna- og samstarfssamnings. Mynd: Aðsend.

Nýr meirihluti klár í Rangárþingi eystra

Undirritun málefna- og samstarfssamnings milli N-listans og D-listans um myndun meirihluta sveitarstjórnar í Rangárþingi eystra, fór fram föstudaginn 27. maí á Midgard, Hvolsvelli.

Ný sveitarstjórn mun taka

til starfa á fyrsta fundi sínum þann 2. júní 2022.

Tillaga verður lögð fram um að Tómas Birgir Magnússon verði oddviti Rangárþings eystra, að Anton Kári Halldórs- son verði ráðin sveitarstjóri Rangárþings eystra og Árný

Hrund Svavarsdóttir verði formaður byggðarráðs Rangárþings eystra.

Við hlökkum til komandi kjörtímabils, verkefni eru ærin og við erum klár í slaginn. *Fréttatilkynning frá meirihluta Rangárþings eystra.*

Síðasta mót tímabilsins

Um liðna helgi fór Íslands-mót II í hópfimleikum fram í fimleikahúsi Stjörnnunnar, Ásgarði Garðabæ. Í þessum seinni hluta mótsins voru keppendur í 3. flokki og 2. flokki.

Selfoss átti tvö lið á mótinu, eitt í hvorum flokki. Lið Selfoss í 3. flokki uppskar 6. sætið og lið Selfoss í 2. flokki 4 sætið. Keppnirnar voru harðar en skemmtilegar og segja má að okkar lið hafi átt töluvert inni.

Með þessu móti lýkur móta-tímabilinu í hópfimleikum á Íslandi. Framundan er Minningarhátíð Magnúsar Arnars sem er jafnframt uppskeruhátíð deildarinnar.

Iðkendur eru spenntir fyrir sumartímabilinu en þær ein-kennast af nýjum stökkum og æfingum.

Fimleikadeild Selfoss óskar öllum gleðilegs sumars.



Selfoss 2. flokkur uppskárú 4. sæti



Selfoss 3. flokkur uppskárú 6. sæti

VERO MODA



FRÍ SENDING Á PÖNTUNUM YFIR 10.000 KR.



veromoda.is



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Sveitarfélagið ÁRBORG

Hey þú!
Erum við að leita að þér?

Frístundaheimili Árborgar auglýsa eftir starfsfólki fyrir skólaárið 2022-2023. Þörf er á frístundaleiðbeinendum og stuðningsfulltrúum. Um er að ræða hlutastörf sem fara fram eftir hádeggi.

Frístundaheimili Árborgar eru fjögur talsins og eru starfrækt við Barnaskólann á Stokkseyri, við Sunnulækjarskóla, við Vallaskóla á Selfossi og við Stekkjaskóla

Helstu verkefni og ábyrgð

- Styðja við börn í athöfnum daglegs líf eins og við á
- Leiðbeina börnum í 1.-4. bekk í leik og starfi
- Vera jákvæð fyrirmynd
- Samskipti og samstarf við börn, foreldra og samstarfsfólk

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð samskiptafærni
- Menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Áhugi á starfi með börnum
- Jákvæðni er skilyrði
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í frístundastarfi

Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til og með 16. júní.

Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Laun fara eftir kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um störfín veita forstöðumenn frístundaheimilanna í Árborg:

Tinna Björk Helgadóttir
forstöðumaður Bifrastar - bifrost@arborg.is

Elísabet Hlíðdal
forstöðumaður Hólum - holar@arborg.is

Agnes Lind Jónsdóttir
forstöðumaður Stjörnusteinum - stjornusteinar@arborg.is

Sunna Ottósdóttir
forstöðumaður Bjarkarbóli - bjarkarbol@arborg.is

Leitin að Zen

Sálfræðingurinn Hugrún Vignisdóttir mun í vikunni opna litla notalega sálfræðistofu í Fjölbreyttum á Selfossi sem ber nafnið Zen sálfræðistofa, www.zensal.is. Þar mun hún taka á móti foreldrum, verðandi foreldrum, börnum, unglingum, ungmennum og íþróttafólki í sérhæfða sálfræðimeðferð. Zen sálfræðistofa verður opin á þriðju- og miðvikudögum á hefðbundnum skrifstofutíma. Samhliða starfinu hjá Zen sálfræðistofu heldur Hugrún áfram að starfa hjá Litlu Kvíðameðferðarstöðinni í Reykjavík, sem er sálfræði- og ráðgjafajónusta fyrir börn, unglinga og ungmenni þar sem hún hefur nú starfað í rúmt ár.

Hugrún er fædd í Reykjavík og sleit barnaskónum í Þorlákshöfn frá þriggja ára aldri. Hún fluttist síðan ásamt kærasta sínum, Karli Ágústi Hannibalssyni, til Reykjavíkur árið 2006 þar sem hún náði sér í BS- gráðu í sálfræði. Þau lögðu svo land undir fót árið 2009 og fluttu til Danmerkur þar sem Hugu bætti við sig cand.psych gráðu í sálfræði frá Háskólanum í Árósum. Síðasta áratuginn hefur Hugu búið á Selfossi ásamt fyrrnefndum kærasta sem er í dag eiginmaður hennar og hefur fjölskyldumeðlimum fjölgað um helming með tilkomu barna þeirra tveggja.

Eftir útskrift árið 2012 hóf Hugu störf sem skólasálfræðingur þar sem hún sinnti greiningum barna, unglinga og ungmenna, ráðgjöf til foreldra og kennara ásamt því að halda fjölmarga fyrirlestra fyrir nemendur, kennara og starfsfólk skóla. Hún hefur einnig viðtæka reynslu í málefnum trans barna og hefur unnið með íþróttafólki varðandi markmiðasetningu, meiðsli og frammistöðu.

Vöntun á sálfræðipjónustu á Suðurlandi

Þrátt fyrir að vera rétt að hefja störf hér á Selfossi finnur Hugu fyrir mikilli eftirspurn, enda ekki um auðugan garð að gresja þegar kemur að sjálfstætt starfandi sálfræðingum á Suðurlandi. Biðlistar eru langir og þörfin er brýn.

Hugu er virkilega metnaðargjörn gagnvart sínu starfi og á auðvelt með að hugsa í fjölbreyttum lausnum. „Oft þarf lítið annað en ný augu á eitthvað sem maður hefur sjálfur verið að veltast um með í langan eða skemmri tíma. Mér finnst svo gaman að vinna þessa vinnu, hún er svo ótrúlega fjölbreytt og það hentar mér afar vel. Einhverjir þurfa bara að koma í nokkur skipti, aðrir einu sinni í mánuði, viku eða oftar, þetta er svo einstaklingsbundið.“

Það felst engin skömm í því að leita sér aðstoðar

„Mér finnst svo gaman að setjast niður með fólki, fá að grúska með þeim og leita saman að lausnum. Stundum heldur fólk að það geti komið í einn tíma og fengið



Hugu Vignisdóttir sálfræðingur. Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún Lárusdóttir.

lausn á silfurfati, en það er því miður ekki þannig, það er ekkert eitt sem virkar fyrir alla. Við þurfum að geta unnið í þessu saman, prófað nýjar aðferðir og hluti. Sumt virkar, annað ekki og það er allt í lagi. Við setjum okkur markmið í upphafi meðferðar og ef skjólstæðingarnir eru tilbúnir til að vinna vinnuna með þeim verkfærunum sem þeir fá þá eru þeir nær því að ná markmiðunum sínum. Það er alls ekki alltaf auðvelt. Og bara það að mæta getur verið erfitt fyrir marga. Það hefur einhvern veginn fylgt því ákveðin skömm að leita sér aðstoðar. Fyrir mér er það hugrekki en ekki veikleiki. Og svo er frábært að fólk hafi úr fleiri sálfræðingum að velja því það er ekki sjálfgefið að eiga samleið og þá má breyta og skipta.“

Börn eru spegill umhverfisins

Aðspurð um nafnið á stofunni svarar Hugu: „Ég öðlaðist nýja vidd í veröld mína eftir að ég fór að stunda jóga.“

„Við erum oft ómeðvituð um hvað það er sem lætur okkur líða eins og okkur líður og haga okkur á ákveðinn hátt.“

Að finna stað þar sem ég get algerlega kúplað mig út, fengið útrás, mætt öllum mínum hugsunum og hindrunum er svo gott. Að vera í mínu Zen-i.

Þannig að Zen fyrir mér er að staldra við, taka eftir og læra að skilja það sem er að gerast og mæta því. Við gerum eins vel og við getum hverju sinni út frá þeim upplýsingum eða verkfærum sem við höfum. Og þess vegna vona ég að ég geti bætt við skilning og verkfærakistu minna skjólstæðinga svo þau geti sjálf fundið sitt eigið Zen. Flest förum við nefnilega í gegnum daginn á hálfgerðri sjálfstýringu.

Við erum oft ómeðvituð um hvað það er sem lætur okkur líða eins og okkur líður og haga okkur á ákveðinn hátt. Þar er ég sjálf engin undantekning. Og ekki börnin okkar heldur. Það er ýmislegt sem spilar þar inn í og er í sjálfu sér efni í heilan pistil. En í grunninn er gott að læra að staldra við og rýna til gagns í það sem á sér stað yfir daginn. Hvað gerði mig í raun og veru pirraða, leiða, glaða, reiða. Af hverju truflaði hegðun annarrar manneskju mig ef ég stjórna minni eigin hegðun.

Hvort sem það snýst um að skilja líðan sína og viðbrögð eða bera virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og fjölbreytileika lífsins, þá getum við lært það. Fjölbreytileikinn er svo frábær og gerir vinnuna svo skemmtilega. Börn eru sérstaklega skemmtileg því þau eru svo fordómalaus og einlæg. Við fæðumst nefnilega fordómalaus hvort sem þið trúið því eður ei. Þau verða svo eins og spegill umhverfisins sem þau búa í.

Virðing er allt sem þarf

Það þarf þorp til að ala upp barn er oft sagt og það er að mörgu leyti satt. Það má hafa skoðun á orðræðu barna þó það sé ekki þitt eigið barn. Og barn má hafa skoðun á orðræðu fullorðins fólks þó það sé ekki þess eigið foreldri. Það mega allir staldra aðeins við og hugsa sig um áður en þeir láta út úr sér óvarfærin orð um annað fólk í samfélaginu okkar.

Þú þarft ekki að hafa skoðun á því hvernig nágranninn málaði húsið, hvernig klippingu barnið þitt er með eða hvernig einstaklingur skilgreinir sig. Það eina sem þú þarft að gera er að sýna virðingu. Skilningur er ekki forsenda virðingar en algjörlega frábær viðbót.

Fáfræðsla skapar fordóma svo með fordómum erum við í raun að koma upp um eigið eðli að vilja ekki læra meira og neita að sýna öðrum virðingu. Er það mannkostir sem við viljum að komandi kynslóð erfi? Þetta byrjar allt hjá okkur, mér ...og þér lesandi kær“ segir Hugu.

HGL

Fasteignamat í Hveragerðisbæ hækkar um 32,3%

Samkvæmt nýjustu tölum frá Þjóðskrá kemur fasteignamat til með að hækka um 22,4% á Suðurlandi um næstu áramót, sem setur sunnlendinga í fyrsta sæti yfir mestu hækkanir þegar litið er til allra landshluta. Í efstu tveimur sætum sitja Hveragerðisbær með 32,3% hækkun og Sveitarfélagið Árborg fylgir fast á hæla Hvergerðinga með 32,1% hækkun sem hlýtur að teljast sögulegt.



Sveitarfélag	Fjöldi fasteigna	Fasteignamat 2022	Fasteignamat 2023	Breyting í %
Ásahreppur	320	26.545.465	29.379.325	10,7%
Hrunamannahreppur	1,059	29.551.434	33.459.167	13,2%
Bláskógabyggð	3,833	76.935.727	89.323.687	16,1%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	881	33.623.718	39.069.763	16,2%
Rangárþing ytra	2,944	51.211.129	59.561.413	16,3%
Rangárþing eystra	2,046	44.342.215	52.075.420	17,4%
Mýrdalshreppur	577	14.555.640	17.218.651	18,3%
Flóahreppur	776	16.282.528	19.843.443	21,9%
Grímsnes-og Grafningshreppur	5,368	107.089.879	132.090.005	23,3%
Sveitarfélagið Ölfus	1,813	67.999.332	84.270.534	23,9%
Sveitarfélagið Árborg	6,348	235.069.882	310.507.060	32,1%
Hveragerðisbær	1,751	67.976.483	89.923.358	32,3%

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Nýjar fréttir á hverjum degi!



Sveitarfélagið
ÁRBORG

STEKKJASKÓLI Sérkennari óskast

Stekkjaskóli er nýr grunnskóli á Selfossi sem tók til starfa haustið 2021. Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á teymis-kennslu, teymisvinnu, tækni og nýsköpun, skapandi skólastarf, umhverfismál og jákvæðan skólabrag.

Óskað er eftir sérkennara í 100% stöðuhlutfall frá 1. ágúst. Leitað er eftir metnaðarfullum kennara sem starfar í nánu samstarfi við aðra kennara skólans.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Framhaldsmenntun á sviði kennslu- og uppeldisfræða eða sérkennslu er æskileg
- LOGOS-réttindi kostur
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni og áhugi á skólastarfi
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Fylgist með velferð nemenda, hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þeir fái notið sín sem einstaklingar
- Ber ábyrgð á að nemendur njóti kennslu samkvæmt megin markmiðum aðalnámskrá grunnskóla
- Ber ábyrgð á að tryggja öryggi og velferð nemenda sinna
- Sérkennari vinnur í nánu samstarfi við starfsfólk skólans og foreldra/forráðamenn nemenda í samráði við deildarstjóra
- Að taka þátt í skólabróun í samræmi við stefnu skóla og sveitarfélags

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2022.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Vakinn er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspeglí fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar um störfina veitir Hilmar Björgvinsson skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is, sími 480 1600 og Ástrós Rún Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri, astros@stekkjaskoli.is, sími 480 1600. Sjá einnig heimasíðu skólans www.stekkjaskoli.is.

Umsóknum fylgi leyfisbréf, námsferilsvottorð, starfsvottorð frá fyrri vinnuveitendum og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is/>.

Verið velkomin í Listasafn Árnesinga
4. júní kl. 15:00

Strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands leikur fyrir gesti.

Málþing
Laugardagur 11. júní kl. 14:00

Opening at the
LÁ Art Museum
on June 4th at 15:00

The South Icelandic Symphony Orchestra plays for guests.

Symposium
Saturday 11th of June at 14:00

LISTAMENN ARTISTS
Eggert Pétursson
Endre Tót
Gábor Attalai
Géza Perneczky
Ingólfur Arnarsson
Kristján Guðmundsson
Kees Visser
Rúrí
Sigurður Guðmundsson

SÝNINGARSTJÓRI CURATOR
Zsóka Leposa

CO-CURATOR
László Százados

LISTASAFN ARNESINGA
@LISTASAFNARNESINGA

SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

SÖNNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efr
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



Ferðanefnd FEBSEL
býður uppá ferð í
uppsveitir Árnessýslu
þriðjudaginn 14. júní nk.
Sjá augl. á bls. 6

SKRIFSTOFA
FEBSEL

er opin eftir hádegi
á fimmtudögum.

HEILSUEFLING 60+

á íþróttavelli
þriðjudaga og fimmtudaga

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KRANAVINNA
GRÖFUVINNA
25 ÁRA REYNSLA

Díddi S. 861 4966



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.



DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa á hvítasunnudag 5. júní
kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur,
prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Hraungerðiskirkja
Fermingarmessa á hvítasunnudag
5. júní kl. 13:30. Kirkjukórinn
syngur, organisti Guðmundur
Eiríksson. Prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Gaulverjabæjarkirkja
Fermingarmessa á hvítasunnudag
5. júní kl. 13:30. Kirkjukórinn
syngur, organisti Haukur Arnarr
Gíslason, prestur Arnaldur
Bárðarson.

Villingaholtiskirkja
Fermingarmessa á annan hvíta-
sunnudag 6. júní kl. 13:30.
Kirkjukórinn syngur, organisti
Guðmundur Eiríksson, prestur
Gunnar Jóhannesson.

Ólafsvallakirkja
Fermingarmessa á hvítasunnudag
5. júní kl. 10:30. Sóknarprestur.

Stóra-Núpskirkja
Fermingarmessa á hvítasunnudag
5. júní kl. 12. Sóknarprestur.

Hrunakirkja
Fermingarmessa á hvítasunnudag
5. júní kl. 13:30. Sóknarprestur.

Hveragerðiskirkja
Fermingarmessa kl. 11.

Kotstrandarkirkja
Fermingarmessa kl. 14.

Þorláksskirkja
Hvítasunnudagur 5. júní.
Fermingarmessa kl. 13:30. Kór
Þorlaks- og Hjallakirkju syngur
undir stjórn Esterar Ólafsdóttur,
organista. Prestur: Sigríður
Munda Jónsdóttir. Verum öll vel-
komin. Sóknarnefnd og sóknar-
prestur.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 4. júní.
Bíbliulexíur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12 með ræðu hefur
Gavin Anthony. Verið velkomin.

BÍLAR

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Úr loganum

Keramíksýningin „Úr loganum“ er leirlistasýning sem Brennuvargar halda í Gallery Listaseli á Selfossi núna í júní-mánuði nánar tiltekið 4. til 30. júní. Listaverkin á sýningunni eru brennd með lifandi eldi. Brennuvargar eru félagasamtök sem notast við aldagamlar aðferðir við að brenna leir og vilja endurvekja aðferðirnar, kynna fyrir almenningi og þróa áfram. Opnunaráttíð verður kl 15 á laugardaginn 4. júní og allir eru velkomnir.

Að sýningunni koma félagar úr Brennivörgum: Arnbjörg Drífa Káradóttir, Hafdís Brands, Hólmfríður Vídalín Arngríms-



dóttir, Hrönn Walters, Ingibjörg Klemen, Katrín V. Karlsdóttir, Ólöf Sæmundsdóttir, Steinunn Aldís Helgadóttir og Þórdís Sigfúsdóttir.

VÉLAMENN OG
MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR

þjótandi ehf. óskar eftir vélamönnum með vinnuvélaréttindi og bílstjórum með meira-próf. Erum með fjölbreytt verkefni og góða verkefnastöðu.

Um framtíðarstörf er að ræða.

Upplýsingar í síma 893 9190 eða á tölvupósti
tjotandi@simnet.is.

AÐALSAFNAÐARFUNDUR
KOTSTRANDARSÓKNAR 2022

Aðalsafnaðarfundur Kotstrandarsóknar
árið 2022 verður haldinn í Kotstrandarkirkju
miðvikudaginn 8. júní kl. 18:00.

Á dagskrá eru aðalfundarstörf samkvæmt reglum þar um. Rætt verður um safnaðarstarf, málefni kirkjunnar og þá sérstaklega fyrirhugaða viðgerð á gluggum kirkjunnar, en nauðsynlegt er að ráðast í þá framkvæmd og mikilvægt að safnaðar-fólk mæti til fundarins og kynni sér þau fjárfreku áform.

Í fundarlok verða kaffiveitingar.

Sóknarnefnd Kotstrandarkirkju



Selfoss Classic – 75 ára afmælistími FRÍ



Útskrift frá Menntaskólanum að Laugarvatni

Laugardaginn 28. maí var Menntaskólanum að Laugarvatni slitið í 69. sinn. Útskrif- aðir voru 45 nemendur að þessu sinni; 22 nemendur af Félags- og hugvísindabráut og 23 nemendur af Náttúruvísindabráut. Hátíðleikinn var allt umlykjandi og gleðin skein úr andlitum ný- stúdenta og gesta en brautskráning fór fram í Íþróttahúsinu á Laugarvatni.

Þeir nýstúdentar sem voru meðlimir kórs ML sungu við at- höfnina og komu þar fram í síð- asta skipti sem meðlimir kórsins síns. 92% nemenda Mennta- skólans að Laugarvatni eru meðlimir kórs ML undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur og má því með sanni segja að tónlistar- líf sé stór hluti af skólastarfinu. Sérstakar þakkir fær Stefán Þor- leifsson fyrir þátttöku og hlífð á athöfnina.

Í ræðu skólameistara, Jónu Katrínar Hilmarsdóttur, kom fram að mikil samstaða hefði verið meðal starfsfólks í ML í gegnum Covid-19 faraldurinn og þeim færðar sérstakar þakkir fyrir. Annál skólaársins flutti áfangastjóri, Áslaug Harðar- dóttir, og sagði þar meðal annars frá glæsilegri kynningu sem haldin var fyrir opnu húsi nú í vor í tengslum við lokaverkefni nemenda. Útskriftarnemendur ML vinna lokaverkefni á síðustu önninni sinni og starfsfólki ML, foreldrum nemenda og öðrum áhugasömum var boðið að skoða verkefni á lokasýningu.

Fyrir hönd nýstúdenta mælti Ásta Ivalo Guðmundsdóttir Isaksen og fyrir hönd júbílanta hélt Þorkell Snæbjörnsson ræðu en venju samkvæmt ávarpar



Dúx nýstúdenta, Gísella Hannesdóttir, tekur við brautskráningarskrifteini. Mynd: Ívar Sæland.

fulltrúi 20 ára júbílanta gesti útskriftar í ML. Þorkell beindi orðum sínum að nýstúdentum og minnti þau á að þeim eru allir vegir færir og að bestu ár ævinnar séu framundan.

Dux nýstúdenta var Gísella Hannesdóttir frá Arnkötlu- stöðum í Rangárþingi ytra með einkunina 9,79 en það mun vera næsta hæsta einkunn á stúdents- prófi í sögu skólans. Gísella er stúdent af Félags- og hugvís- indabráut. Semi dux nýstúdenta var Ásdís Björg Ragnarsdóttir frá Kollsá 2 í Hrutafirði með einkunina 9,18. Ásdís er stúdent af Náttúruvísindabráut.

Þeir nemendur hlutu styrk úr styrktarsjóði Kristins Krist- mundssonar og Rannveigar Pálsdóttur. Auk Gíselu og Ás- dísar Bjargar var það Jóna Kol- brún Helgadóttir frá Reykholti í Biskupstungum.

Að athöfninni lokinni var nýstúdentum og öllum gestum boðið til kaffisamsætis í ML en

það hefur ekki verið hægt und- anfarin ár, í skugga Covid-19, og því mikil ánægja með að geta loksins boðið útskriftarnemum upp á hefðbundnar veitingar í lok athafnar.

Fjölmargir afmælisstúdentar, júbílantar, heiðruðu skólann með nærveru sinni bæði á út- skriftarathöfn og svo við há- tíðarkvöldverð og veislu fram eftir laugardagskvöldi. Júbíl- antar færðu skólanum gjafir sem munu nýtast til góðra verka og eiga einlægir þakkir skólans fyrir ríkulegar gjafirnar en ekki síst velviljann og kærleikann sem þau bera til skólans sín. Fyrir heimför á sunnudegi var júbílóntum boðið til morgun- verðar hjá skólameisturum í Garði; Jónu Katrínu Hilmars- dóttur, starfandi skólameistara, Halldóri Páli Halldórssyni, frá- farandi skólameistara og Val- gerði Sævarsdóttur, húsráðanda í Garði.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

ÁRBORG TAXI
482 1333
arborgtaxi@gmail.com

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Jiibbiíi
Siggafærðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI
Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Hannaðu það sjálfur!
honnun.prentmetoddi.is
Inni á hönnunarvefnum
okkar getur þú t.d.
útbúið **kort, dagatöl**
og **myndabækur**
SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER
prentmetoddi
heildarlausnir í prentun

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980